

## Fundargerð

**Mætt:** Rúnar Björn Herrera Þorkelsson (RB), Þorgerður Ösp Arnþórsdóttir (ÞÖA), Guðjón Sigurbjartsson (GS), Helga Völundardóttir (HV), Jökull Veigarsson (JV), Magnús Kr. Guðmundsson (MKG), Kristján Gísli Stefánsson (KSG), Gígja Skúladóttir (GSK)

**Fundarstjóri:** Kristján Gísli Stefánsson

**Fundarritari:** Þorgerður Ösp Arnþórsdóttir

1. **Samþykkt fundargerðar 18/10/18**
  - a. Fundargerðin telst samþykkt einróma
2. **Kosinn fundarstjóri og fundarritari**
  - a. KSG var kosinn fundarstjóri og ÞÖA fundarritari
3. **Stjórnarmeðlimir kynna sig hver fyrir öðrum**
  - a. Farið hringinn og meðlimir kynntu sig
4. **Stjórn skiptir með sér verkum**
  - a. **Tinna Helgadóttir hefur boðið sig fram sem gjaldkeri**
    - i. Tinna Helgadóttir valin gjaldkeri stjórnar, samþykkt einróma
  - b. **Þorgerður Ösp Arnþórsdóttir hefur boðið sig fram til áframhaldandi setu sem ritari**
    - i. Þorgerður Ösp Arnþórsdóttir valin ritari stjórnar, samþykkt einróma
  - c. Rúnar Björn Herrera Þorkelsson staðfestur sem formaður stjórnar, einróma
  - d. Formaður og gjaldkeri verða bæði prókúruhafar.
5. **Tíðni, tímasetning og högun stjórnarfundar**
  - i. Umræða um tíðni stjórnarfundar. Rætt um að hafa vikulega fundi til að byrja með en síðan kannski fækka þeim niður í hálfsmánaðarlega.
    1. RB ræddi um hugmynd hans til að stjórnin veiti farveg fyrir afkastamikla málefnavinnu og félagsfundi.
    2. KGS talar um að nota Discord/tækni til að vera í sambandi á milli fundar, en ef það virkar ekki þá fundar oft.
    3. GS tekur undir með RB að fundar vikulega fram í miðjan desember, taka gott jólafrí, og sjá svo til með tíðni í janúar.
    4. MKG, ÞÖA, JV, RB, GSK, styðja þá tillögu að fundar vikulega til að byrja með og skoða svo í janúar.
  - ii. Talað um að gera "poll" á netinu til að finna tímasetningu fundar.
    1. Þorgerður ætlar að taka að sér að gera doodle poll og senda á stjórnina.
- b. **Fundarsköp, meðhöndlun á dagskrá**
  - i. Samþykkt einróma að meðhöndlun á dagskrá verður eftirfarandi:
    1. *Dagskrárþráður verður gerður inni á "PIR Stjórn 2018-2019" Facebook hópnum þar sem allir í stjórn geta komið með tillögur að dagskrárlíðum í athugasemdum.*
    2. *72 tímum fyrir fund mun Þorgerður minna stjórnina á að setja inn dagskrárlíði.*
    3. *48 tímum fyrir fund verður lokað fyrir dagskrártillögur.*
    4. *24 tímum fyrir fund verður fundargerð birt.*

**c. Atkvæðafyrirkomulag**

- i. RB mælir fyrir “consensus” aðferðinni, varamenn mættir hafi líka rödd.
- ii. Umræða um hvað myndi gerast ef einstaklingur eða einstaklingur eru harðlega mótfallin einhverju máli í atkvæðagreiðslu.
- iii. Ef ekki næst consensus á fundi má einn einstaklingur óska eftir því að atkvæðagreiðslu sé frestað um eina viku. - Samþykkt einróma
- iv. Umræðu um atkvæðafyrirkomulag frestað fram á næsta fundi.

**d. Fundargerðir**

- i. ÞÖA mælir fyrir því að fundargerð fundar liggi fyrir fram að næsta fundi. Stjórnarmeðlimir geti komið með athugasemdir fram að næsta fundi, ef engar athugasemdir hafa borist á næsta fundi þá telst fundargerðin samþykkt.
  1. ÞÖA mun setja hlekk á fundargerð inn á Facebook hópinn, Messenger spjallið, og Discord spjallið. Meðlimir stjórnar eru hvattir til að koma með athugasemdir á þráðinn í Facebook hópnum, ef það er ótækt þá hafa samband við ÞÖA og koma athugasemdunum til hennar.

MKG datt út af fjarfundi kl. 19:15-19:19

2. Tillagan telst samþykkt einróma.

**6. Möguleg úrsögn varaborgarfulltrúa**

- a. Umræða um afleiðingar þess ef varaborgarfulltrúi myndi segja sig úr Pírötum og gerast óháður borgarfulltrúi.
- b. Rætt um sáttarleiðir.
- c. KSG mælir fyrir að allir kynni sér siðareglur þingflokks og að á næsta fundi munum við kjósa um að styðjast við þær.

**7. Staðfesting á fjárheimild til borgarstjórnarflokks.**

- a. RB talar um fund með borgarstjórnarflokki 24/9/18 þar sem samþykkt var að veita 100.000 kr fjárheimild til stuðnings borgarstjórnarflokksins í markaðsmál og annað.

MKG datt út af fjarfundi 19:50-19:58

- b. Ákveðið að ræða betur um fjármál og fjárhagsleg markmið félagsins þegar nýkjörinn gjaldkeri er kominn með prókúru og aðgang.
- c. Samþykkt einróma að staðfesta 100.000 kr. fjárheimild til borgarstjórnarflokksins.

**8. Yfirferð laga Pírata í Reykjavík**

- a. **Borist hefur beiðni þess efnis að aðildarfélög fari yfir lög sín og láti framkvæmdaráð vita ef einhverju er ábótavant á síðunni.**
- b. **Mögulegur sérstakur fundur/málþing um þetta málefni**
  - i. Samþykkt einróma að allir í stjórninni kynni sér lög Pírata í Reykjavík, komi athugasemdum á framfæri til ÞÖA, niðurstöðurnar kynntar á næsta fundi og komið áleiðis til framkvæmdaráðs.

Næsti fundur boðaður annað hvort miðvikudaginn 14/11 kl. 20 eða fimmtudaginn 15/11 kl. 18, það verður poll á facebook til að ákveða á milli þessara tveggja tímasetninga.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 20:05

**Eftirfarandi liðir verða ræddir ef tími gefst, annars frestað fram að næsta fundi:**

**9. Ókláruð verkefni fráfarandi stjórnar og úrvinnsla þeirra**

**10. Markmið Pír fyrir starfsárið, hugarflug, val milli hugmynda á næstu fundum.**

**11. Hugmyndir að félagsfundum framundan**

12. Ræða mögulegan styrk til Ungra Pírata
13. Greiningar- og upplýsingadeild til stuðnings þingmanna og borgarstjórnar (mögulega úthlutað til Ungra Pírata)
14. Atkvæðafyrirkomulag - áframhaldandi umræða
15. Aðlögun siðareglna þingflokksins
16. Yfirferð á lögum Pírata í Reykjavík, kynna athugasemdir stjórnarmeðlima (ef einhverjar) niðurstöður til framkvæmdaráðs